

Ársskýrsla Eyrarskjóls fyrir skólaárið 2019-2020

Ætlað fræðsluyfirvöldum í Ísafjarðarbæ
og Hjallastefnunni



Leikskólinn Eyrarskjól

Eyrargötu 1

400 Ísafjörður

Sími 456-8285

eyrarskjol@hjalli.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	4
1. Mat á skólaárinu og framtíðarsýn	5
1.1. Mat á skólaárinu 2019- 2020	5
1.2. Niðurstöður ársins 2019-2020.....	10
1.3. Starfið næstkomandi ár	12
2.1. Námskrármarkmið	13
2.1.1. Aðalnámskrá leikskóla.....	13
2.1.1.1. Heilbrigði og velferð.....	13
2.1.1.2. Læsi.....	14
2.1.1.3. Sköpun	15
2.1.1.5. Lýðræði og mannréttindi.....	16
2.1.2. Kynjanámskrá Hjallastefnunnar.....	17
2.1.3. Fyrirhugaðar umbætur næsta skólaárs	22
2.2. Leikskólastarfið.....	22
2.2.1. Aðlögun nýrra barna	24
2.2.2. Dagskipulag	24
2.2.3. Skólaföt.....	25
2.2.4. Ferðir og uppkomur.....	25
2.2.5. Gestir.....	26
3.1. Móttaka nýrra starfsmanna	26
3.2. Símenntun og starfsþróun	26
3.3. Faglegur stuðningur og samstarf.....	27
3.4. Nám með vinnu og námsleyfi	28
4.Samstarf	28
4.1. Samstarf og tengsl utan leikskólans.....	28
4.1.1.Tengsl við ráðgjafabjónustu.....	29
4.1.2.Tengsl við aðra leikskóla	29
4.1.3.Samstarfsverkefni, þróunarverkefni og þróunarstarf.	29
4.1.4.Nemar.....	29
4.2. Samstarf heimilis og skóla.....	29
4.2.1.Daglegt samstarf	29
4.2.2.Upplýsingastreymi	30
4.2.3. Fundir og viðtöl.....	30

4.2.4.Þátttaka foreldra	31
5. Ytri umbúnaður leikskólastarfsins	31
5.1. Skólinn	31
6. Tölulegar upplýsingar	31
6.1. Nemendur	31
7. Fjárfestingar	32
Lokaorð	33
Heimildaskrá	34

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 2008 á leikskólastjóri að gera rekstraraðila og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu. Í þessari skýrslu er farið yfir starfsemi leikskólans Eyrarskjóls frá 15. júlí 2019 til 30. júní 2020.

Skýrslunni er skipt upp í sex liði og þeir eru; mat á skólaárinu og framtíðar sýn, fagstarf starfsmannahald, samstarf, ytri útbúnaður leikskólastarfsins og tölulegar upplýsingar og rekstur, faglegt starf og samstarf. Í lok skýrslunnar er svo mat á liðnu starfsári.

1. Mat á skólaárinu og framtíðarsýn

1.1. Mat á skólaárinu 2019- 2020

Hjallastefnuskólar standa árlega fyrir nokkrum tegundum mats á skólstarfinu. Að hausti er að jafnaði lögð starfsmannakönnun fyrir starfsfólk leikskólans þar sem grennslast er fyrir um starfsánægju, starfsaðstæður og eigið mat starfsfólks á eigin frammistöðu. Tvisvar á starfsárinu fylla kennarar út gátlista yfir þroskastöðu barna, félagslega stöðu þeirra og gengi í leikskólanum sem síðan er kynntur foreldrum í foreldraviðtölum hvorrar annar. Að hausti er síðan send út foreldrakönnun þar sem foreldrar eru beðnir um að meta þjónustu leikskólans og fagstarf eins og það snýr að þeim og barni þeirra. Hjallastefnuskólar taka þetta mat á skólstarfinu mjög alvarlega og ef óánægju virðist gæta í einhverjum þætti skólstarfsins er tafarlaust gengið í þær breytingar sem þarf til þess að gera úrbætur.

Starfsánægju- og foreldrakannanir og voru gerðar á vegum Hjallastefnunnar í desember 2019.

100% svörun var hjá starfsmönnum skólans í starfsánægju könnuninni en ekki nema rétt 55% hjá foreldrum. Öllum foreldrum barna við skólann er send könnunin í pósti svo vænta mætti fleiri svara og einnig var hringt út. Svörun hjá foreldrum veldur nokkrum áhyggjum stjórnenda skólans og leitum við leiða hvernig skuli brugðist við.

Í Eyrarskjóli er yfir helmingur kennaranna með 11 ára starfsreynslu eða lengri ásamt því að margir aðrir kennarar hafa unnið í fimm ár eða lengur í leikskóla.

Jákvæð þróun úr starfsmannakönnun er að almenn líðan kennara skólans er góð eða 100% og finnst þeim að fundin sé lausn á vandamálum sem upp koma og er það afar jákvætt í ljósi þess ástands sem var á haustmánuðum skólans og fram að þeim tíma er könnunin var tekin. Ánægja er með dagskipulag skólans og fækkað hefur í hópi þeirra sem fundu oft fyrir kvíða. Gleði meðal kennara varðandi styttingu vinnutíma, aukin gæði í hópatímum en upplifun á álagi er snýr að húsnæði skólans og aðgengi að lóð. Starfsmannavelta er lítil, starfsmenn hafa góða trú á eigin getu við daglegt skipulag og starf og einnig við uppeldi og menntun barna. Þeim finnst einnig að þeir fái stuðning og hvatningu frá stjórnendum. Kennarar skólans hafa trú á að skólinn hafi góða ímynd í samfélaginu. Tveir kennarar fóru í fæðingarorlof.

Bæði könnunin meðal kennara og foreldra staðfesta að starfsaðstaða í húsinu mætti vera miklu betri innan húss, sem er að að komast í betra horf með viðbyggingu og

endurnýjun eldri kjarnanna en framkvæmdum á lóð má ekki fresta lengur, en nú á vordögum er verið að hanna hana. Kennurum finnst að þeir fái að stunda sjálfstæð vinnubrögð, meðvitaðir um til hvers er ætlast af þeim og á heildina litið mjög ánægðir í starfi. Starfsandi Eyrarskjóls er góður og ríkir kærleikur meðal alls starfsfólks skólans.

Á þessu starfsári var einn kennari í námi og lauk viðbótardiplómu í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á sérkennslu, frá Háskóla Íslands, í janúar.

Ekki hefur verið þróunarstarf eða rannsókn í gangi þetta starfsár fyrir utan stafsþróunarsamtal.

Af 13 kennurum sem starfa með hópa inni á kjörnum þetta starfsár, var enginn kennari í námi þetta árið.

Samkvæmt foreldrakönnuninni, virðast foreldrar vera mjög ánægðir með aðgengi og ráðgjöf sérfræðinga svo sem talmeinafræðings og sálfræðings, þó hefur borðið á óánægju vegna stopullar komu talmeinafræðings og takmörkunar á þjálfun barna sem þurfa þjónustu utan framburðargalla. Ætla má að aðstöðuleysi í leikskólanum vegna byggingaframkvæmda hafi einnig haft áhrif á gæði starfs með börnum sem þurftu þjálfun, en lögð var áhersla á að gera einstaklingsmiðaða áætlun sem hægt var að fylgja eftir í starfi með börnunum í hópnum inni á kjarna.

Virgni foreldra í leikskólastarfinu er góð en fram kemur að leggja mætti meiri áherslu á áhrif foreldra á daglegt starf. Foreldrar eru almennt mjög ánægðir með starf og frammistöðu kennara við skólann og 97% svarenda telur að barninu sínu líði vel í skólanum.

Fjöldi barna á hvert stöðugildi Eyrarskjóli er það sama og landsmeðaltal líkt og síðastliðin ár. Upplýsingaflæði, samstarf, starfsánægja starfsfólks og virkni er góð. Virkni foreldra á Eyrarskjóli er að mati starfsfólks góð.

Það sem var óbreytt frá fyrri könnun var að starfsmenn almennt stunda ekki meiri líkamsrækt þó vinnudagur 100% starfsmanna sé styttri um 1 klst á dag og skortur á að takast á við daginn. Þetta stingur í stúf við það sem kemur fram fyrir í könnuninni að almenn líðan kennara sé góð. Þarna spilar efalaust inn í, ástand hússins og lóðar er snýr að þeim framkvæmdum sem hafa verið í gangi og skólinn í fullri starfsemi með verktaka um allt og það sem þeim fylgir. Frá því að skólinn opnaði eftir sumarfrí og fram í miðjan desember voru iðnaðarmenn með öllu sem þeim fylgir inni á gafl í skólanum.

Foreldrakönnun Hjallastefnunnar var einnig lögð fyrir foreldra í desember 2019.

Eins og segir hér fyrir er það aðeins tæpur helmingur foreldra barna við skólann sem er að svara könnuninni því báðir foreldrar geta svarað en svarhlutfall var 55%. Þar sem svarhlutfall hennar er svo lágt sem raun ber vitni telst hún vart marktæk. Foreldrar sleppa einnig spurningum sem eru í könnuninni. Könnun Hjallastefnunnar er áfram jafn löng og hún var á síðasta ári og er svarhlutfall hennar aðeins meira fyrir vikið en betur má ef duga skal. Samt má leiða að því líkur að foreldrar vilji og eða gefi sér frekar tíma til að svara ef uppbygging könnunarinnar er þannig.

Af þeim foreldrum sem svöruðu er ánægja með daglegt skólastarf og 100% svarhlutfall foreldra segir að barni sínu líði vel og einnig að vel sé tekið á móti því og sama á við um samskipti barna og starfsfólks skólans. Foreldrar segja í 97% tilfella að börnum þeirra líði vel að loknum skóladegi og 91% þeirra segjast eiga gæðastund með börnum sínum að skóla loknum.

Ánægja er með leikskólann en foreldrum finnst húsnæðið og lóðin ekki í góðu ástandi en á þessu starfsári er verið að gera verulega bragabót á þessum málum.

Foreldrar voru spurðir hvort dvalartími barna þeirra í skólanum réðist af öllu leiti af vinnu tíma þeirra og sagði 71,74% svo vera og 76% svarenda sögðust fá góða úrlausn sinna mála. 97,83% foreldra þekkja til tilraunaverkefnis um vinnustyttingu kennara skólans og fundu ekki fyrir neikvæðum áhrifum á líðan barna sinna út af því eða 82,86% svarenda.

Námsumhverfi skólans og námsþættir skólans fá góða dóma og samskipti foreldra við kennara og upplýsingamiðlun fær góða einkunn sem er gleðilegt. Það er okkar tilfinning að Karellen sé að hafa góð áhrif á þetta mikilvæga hlutverk í skólastarfinu og markmið að halda þessu.

Samskipti við foreldra koma út með ágætum og það sem einna helst var ábótavant að þeirra mati er enn og aftur lóð skólans og hana verði að klára sem fyrst.

Við framkvæmd mats á faglegu starfi leikskólans er notast við skráningar, hópatalninga gátlista og foreldra- og starfsmannakönnun og er það hluti af innra mati. Allir kennarar Eyrarskjóls fá frammistöðumats- og starfsmannasamtal við leikskólustjóra á haustönn og aftur á vormánuðum ef þeir óska þess. Kennarar skólans hafa alltaf aðgang af skólustjóra ef þeir þurfa á að halda. Einnig eru starfsmanna- og foreldrakannanir kynntar fyrir starfsmönnum.

Hópstjórar fylla nú reglubundið út Tras af öllum börnum skólans og sérkennslustjóri fer yfir listana. Tras er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Ástæða þess að sérkennslustjóri leggur áherslu á að hópstjórar fylli listana út er sú að þeir þekkja börnin best. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkunn. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. Í júní var kynning á MIO stærðfræðiskimun fyrir kennara, skimunin er til þess gerð að kanna hvar börn standa í stærðfræðihugtökum og rökhugsun. Hver hópstjóri tekur próf af barni sem er í hópi hjá honum og er það gert í þeim mánuði sem barnið verður 2 og hálfárs til 5 og hálfárs. MIO er ekki ósvipað Tras í framkvæmd.

Sérkennslustjóri leggur Orðaskilistann fyrir foreldra allra barna í leikskólanum fyrir börn frá 18 mánaða til 3 ára. Orðaskil er málþroskapróf, sem er ætlað til að mæla orðaforða barnanna og vald þeirra á beygingarkerfi og setningagerð. Aldursviðmið fylgja prófinu og með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna teljist falla innan eðlilegra marka meðal jafnaldra. Með því að leggja listann fyrir foreldra allra barna er auðvelt að finna snemma börn sem sýna frávík miðað við jafnaldra og fylgja þeim vel eftir með hvatningu og leiðbeiningum til foreldra og kennara á kjörnum og hefja snemmtæka íhlutun fyrr en ella.

EFI-2 er málþroskaskimun sem framkvæmd er með öllum börnum á fjórða aldursári með þann tilgang í huga að finna þau börn sem víkja sem mest frá meðalfærni í málskilningi og máltjáningu. Með EFI-2 gefst okkur enn betur tækifæri á því að hefja markvissari snemmtæka íhlutun ásamt því að niðurstöður nýtast vel í ráðgjöf til foreldra.

Hreyfiþroskapróf er tekið á börnum sem verða fjögurra ára á árinu. Hreyfiþroskaprófið kom til vegna læsisstefnu Ísafjarðarbæjar „*Stillum saman strengi*“. Hreyfiþroskaprófinu er ætlað að finna þau börn sem víkja frá meðalfærni í hreyfiþroska ásamt því að upplýsa foreldra um hreyfiþroska barna sinna og út á hvað hann gengur.

Ef einstök börn eða barnahópur þurfa á einhverskonar íhlutun að halda, vinnur sérkennslustjóri einstaklingsnámskrár eða hópnámskrá í samráði við hópstjóra þeirra og kjarnastjóra og leitast við að fylgja því eftir hvort breytingar verða eða hvort leita þarf nýrra leiða.

Við gerð einstaklingsnámskrár er gjarnan notað AEPS-matskerfið (Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children) sem er hagnýtt tæki sem nýtist við gerð einstaklingsnámskrár. AEPS-matskerfið nýtist til að meta færni barna á sex þroskasviðum: Fín- og grófhreyfingum, vitrænum þáttum, aðlögun, félagslegum tjáskiptum og félagslegu samspili. Niðurstöður nýtast við gerð einstaklingsnámskrár og skipulagningu íhlutunar í framhaldinu. Ef þörf er á frekari markvissri íhlutun og jafnvel stuðningi við börn eða hóp, er lögð áhersla á samstarf foreldra og fagfólks við gerð markmiða og matslisti lagður fyrir foreldra.

Ástæða fyrir auknum skimunum í leikskóla má rekja til tveggja þátta. Annars vegar að við grípum börnin nógu snemma sem víkja hvað mest frá meðalfærni, til þess að upplýsa foreldra og einnig það að Ísafjarðarbær fór í átak er nefnist „*Stillum saman strengi*“. Fjallar það átak um læsi í víðum skilningi og var því farin sú leið að hafa frekari skimanir í leikskóla heldur en áður.

Miklar framkvæmdir hafa verið gerðar á húsnæði skólans síðastliðið starfsár, það gamla tekið í gegn, bætt við tveim nýjum kjörnum og tengigangi til að komast um húsið án þess að ónáða starf barnanna. Starfsmannaástaða hefur verið bætt en gengið hefur illa að fá hirslur fyrir gögn og er hluti af þeim enn í gámi fyrir utan húsið frá því um miðjan júní 2019. Ekki var gert ráð fyrir geymslu fyrir muni sem eru ekki í notkun hverju sinni svo sem stóla og þess háttu við framkvæmdina og er brýnt að úr því verði bætt.

Engar framkvæmdir hafa verið gerðar á lóð skólans síðastliðið ár enda hafa verið framkvæmdir við húsið frá 10. júní 2019 og eru enn nú undir lok júlí 2020. Ekki má bíða lengur með að klára lóðina nú í sumar 2020 því hún er illa farin eftir byggingarframkvæmda og er vatnssöfnun mikil sem skapar mikla hættu og engin aðstaða fyrir yngstu börnin sem er mjög bagalegt í ljósi þess hve verið er að taka inn ung börn.

Enn er það svo að lóð skólans er ekki læst í lok skóladags og verða miklar skemmdar á henni eftir lokun hans vegna mikillar umgengni. Mikil pollasöfnun og leðja er á lóðinni og er verri staða nú í júlí 2020 en búíð er að taka fram í ársskýrslum frá árinu 2016.

Í ljós aðstaðna vegna framkvæmda við skólann síðastliðið starfsár gengu markmið sem sett voru upp í upphafi starfsársins ótrúlega vel þegar á heildina er litið. Áreiti og álag

að hafa verktaka inni á gafli, aðstöðuleysi kennara og stjórnenda skólans og var meira en nokkurn gat grunað, þannig að þá velgengni má þakka frábærum kennurum, starfsfólki og foreldrum skólans. Þegar á þetta er litið erum við rík af mannauði í Eyrarskjóli og getum náð okkar markmiðum þó að á móti blási.

1.2. Niðurstöður ársins 2019-2020

Markmið í starfsemi síðasta árs var áfram að halda áfram við enn frekari innleiðingu á Hjallastefnunni inn í allt okkar starf. Kynjaskiptingu var ekki hægt að framfylgja á yngri kjörnum skólans þar sem kynjahlutfall barnanna þar er ekki jafnt. Eldri kjarnar eru kynjaskiptir og gekk annað það eftir ásamt því starfi sem Hjallastefnan boðar að gert sé í skólum hennar.

Sérkennslustýra var með 14 börn sem hún fylgdist með og hafði afskipti af 7 börnum. 4 börn voru hjá talmeinafræðingi og 6 börn voru tvítyngd.

Í viðhorfskönnun Hjallastefnunnar meðal kennara Eyrarskjóls kemur fram að þeir upplífi „andlegt álag“, skort á orku til að takast á við daginn og að gefa sér ekki tíma til að fara í líkamsrækt teljum við stjórnendur skólans að megi rekja til framkvæmda sem hafa verið hér sl. ár. Mikið loftleysi, ryk og óreinindi upp á hvern einasta dag í marga mánuði, ásamt því að hafa ekkert aðgengi að starfsmannaaðstöðu og gögnum sem þarf til að sinna kennslu með börnum. Sum þessara gagna eru enn í gámi við húsið þegar þetta er ritað.

Engin aðstaða á lóðinni fyrir litlu börnin og mikil hætta á að þau meiði sig þar. Fara þurfti út Eyrargötu megin við húsið til að komast á lóð 6 mánuði af starfsárinu og opið út á götu þar sem vinnuvélar, bílar og gámar voru vegna framkvæmda við húsið og lengi mætti telja. Þegar þetta er ritað hefur ekkert verið gert á lóðinni og er hún vart nothæf fyrir þá starfsemi sem henni er ætluð.

Á eldri kjörnunum vor þrír árgangar það er að segja börn frá tveggja til fimm ára og gefur augaleið að það hafði áhrif sé tekið mið af framkvæmdum. Skólinn er gefinn upp fyrir að taka 64 börn en þau hefðu átt að vera færri miðað við aldur barnanna síðastliðið starfsár og búið var að taka salinn frá fyrir samveru og vinnuaðstöðu kennara. En ekki er gott að eiga við slíkt þegar foreldrar og börn eru í neyð og framundan er ljós til betri vegar.

Þetta ofangreint teljum við stjórnendur vera ástæðu þess að starfsmenn skólans sýndu í raun bugun í upphafi árs 2020 sem braust út í mikilli þreytu, veikindum og minna þoli fyrir að takast á við álag og að sinna ekki hreyfingu eða líkamsrækt. Fyrirgreindar aðstæður ásamt loftleysi voru verstar í miðhúsi skólans og þar var starfsmönnum gert að starfa og börnum að sinna leik og starfi, sem var óásættanlegt og má læra af til framtíðar lítið. Enn er verið að vinna úr afleiðingum þessa og hafa stjórnendur haft áhyggjur af þeim afleiðingum til lengri tíma lítið.

Í ljósi þessa er og verður lögð rík áhersla á starfsmannamál í Eyrarskjóli og hlúð að líðan þeirra með áframhaldandi úrlausnum mála og bjartsýni með bættri vinnuástöðu.

Gengið hefur nokkuð vel að innleiða skólafötin sem hefur verið eitt af markmiðum, alltaf má þó gera betur sér í lagi á eldri stúlkna kjarna. Kennurum finnst meiri liðsheild og minna um árekstra varðandi klæðnað hjá börnunum. Þau börn sem ekki koma í skólafötum fá lánaða skólaboli.

Niðurstaða þeirra markmiða sem sett voru fyrir skólaárið 2019 til 2020 gekk með ágætum fyrir utan þessar hremmingar sem skólinn hefur verið í vegna framkvæmda síðast liðið starfsár. Samstarfið við Hjallastefnusamfélagið er leiðarljós í öllu okkar starfi.

Eyrarskjól lagði upp þetta starfsár með bætt boðskipti líkt og árið áður við foreldra og einnig innan húss. Þessu markmiði náðum við en vitum að þarna verðum við áfram að vera á tánum til að þessir hlutir séu eins og best verður á kosið í boðskiptaflæði nútíma samfélags. Karellen er okkar aðal boðskiptaleið, vikulegir tölvupóstar til foreldra og erum við afar ánægð með það hér í Eyrarskjóli að hafa ekki farið þá leið að vera með samskipti á Facebook í ljósi nýrra persónuverndarlaga en aftur á móti eru foreldrar með slíka síðu sín í milli. Workplace er eingöngu notað til samskipta innan Hjallastefnunnar og eru kjarnar með hópa þar inni til að vera í tengslum.

Sumarlokun leikskólans sumarið 2019 var fjórar vikur vegna framkvæmda við skólann frá 24. júní og opnuðum við aftur 22. júlí.

14 börn fædd 2014 fóru á Tanga í ágúst 2019 og 8 börn voru tekin inn í skólann.

Þegar á heildina er lítið tókst vel, séu teknar með í reikninginn byggingaframkvæmdir og allskonar uppákomur er að þeim snéru, að vinna eftir stefnu, markmiðum og áætlunum ársins. Einnig tókst vel til með starfsmarkmið og förum við inn í nýtt starfsár með tilhlökkun og bjartsýni í Eyrarskjóli með allt svo glampanði fínt.

1.3. Starfið næstkomandi ár

Næstkomandi starfsár verður með sama sniði og undanfarin ár og mun aðaláhersla vera lögð á Hjallastefnuna, verkefni Ísafjarðarbæjar *Stillum saman strengi*. Einnig er *Aðalnámskrá leikskóla* frá 2011 fléttuð inn í allt starf skólans. Á næstkomandi starfsári verður framkvæmdum við húsnæði skólans lokið og við tókum nú áfram inn ársögum börn líkt og síðasta starfsár. Elsti hópur fæddur 2016 er 25 börn og verða 68 til 70 börn í húsi á fimm af sex kjörnum eins og staðan er í lok júlí 2020.

Í Eyrarskjóli er ekki fimm ára barna starf. Lögð verður áhersla á að öll boðskipti við foreldra og kennara séu góð og horfum við með tilhlökkun til þeirra nýjunga í tækni og þróun sem nýi vefur Hjallastefnunnar hefur að geyma. Í haust munu allir kennarar skólans taka 10 vikna nýliðþjálfun eins og haustið 2019. Þar er *Handbók Hjallastefnunnar* höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans með börnum. Heimasíða leikskólans á Karellen er búin að sanna gildi sitt í skólanum og er appið sem henni fylgir einni komið í fulla notkun og hefur það mælst vel fyrir hjá kennurum og foreldrum skólans. Karellen heimasíðan og appið tengja saman bæði handbók Hjallastefnunnar og samskipti við foreldra sem er afar mikil hagræðing fyrir kennarana. Í appinu eru börn skólans skráð inn í upphafi dags og út í lok hans. Foreldrar geta þar fylgst með svefni barna sinna, hvernig þau borða og að vera í nánnum tengslum við kennara á kjarna barnsins. Appið munu kennarar nota enn meira til að koma upplýsingum til foreldra, sé horft til barna í aðlögun.

Hjallastefnan er búin að setja allt efni er viðkemur kennslu inn á goggle drive og á Workplace til að það sé aðgengilegra kennurum. Þar eru einnig öll gögn er lúta að innra mati skólans svo sem hópatalningablöð og annað er að því lýtur.

Líðan barna, foreldra, kennara og starfsfólks í Eyrarskjóli er leiðarljós í öllu starfi skólans honum til heilla. Okkar von er að bætt og nýuppgert húsnæði komi þar sterkt inn og er tilhlökkun í hópnum að vera ekki á byggingasvæði með verktaka inni á gaffli. Þess má þó geta að þeir voru okkur góðir, sýndu eins mikla tillitsemi og þeim var unnt, fóru á stundum lengra en þeim bar og eiga þeir miklar þakkir skildar fyrir, sem ekki má gleyma.

2. Fagstarf

2.1. Námskrármarkmið

Hjallastefnan starfar eftir tvennum námskrármarkmiðum og leggur þau að jöfnu. Í fyrsta lagi starfa leikskólar Hjallastefnunnar eftir *Aðalnámskrá leikskóla* frá 2011 og uppfylla öll markmið hennar, þó að stundum séu farnar óhefðbundnar leiðir að þeim markmiðum. Í öðru lagi starfa skólar Hjallastefnunnar eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem einstaklingsstyrking og félagsuppeldi stúlkna og drengja fara saman með markvissri þjálfun í samskiptum og jákvæðum viðhorfum kynjanna á milli.

2.1.1. Aðalnámskrá leikskóla

Starfslýsingar Hjallastefnunnar eru með þeim hætti að öll helstu markmið Aðalnámskrár eru fléttuð inn í leikskólastarfið og gefst starfsfólki og börnum tækifæri til þess að vinna með einstaka þætti ýmist í frjálsum leik barnanna í gegnum val eða með markvissari hætti í hópatímum. Í þessum kafla er vitnað til Aðalnámskrár leikskóla (Menntamálaráðuneytið, 2011).

2.1.1.1. Heilbrigði og velferð.

Í Aðalnámskrá leikskóla segir: „Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum“ Fjölmargir þættir í Hjallastefnustarfi styðja þessa áherslu Aðalnámskrár. Þrátt fyrir að skylduútvíst sé ekki notuð gefast börnunum næg tækifæri til útvistar en á valtíma er útisvæði ávallt í boði og þá er um að ræða frjálsan leik í kynjablönduðum hópi. Í hópatímum er mikið farið út en óskrifuð regla er að hver hópur fari oftast nær út í öðrum hópatíma dagsins og þá til þess að vinna eitthvað ákveðið verkefni með kennara sínum, fara í gönguferð, hlaupa, gera leikfimi og svo mætti lengi telja. Á innisvæðum í valtíma gefst líka tækifæri til hreyfingar en eitt valsvæðanna sem í boði eru er leikstofa þar sem er aðstaða til ærslaleikja og hreyfingar. Að auki eru einingarkubbar (Unit-blocks) á gólfmottu alltaf í boði á valtíma en kubbarirnir voru hannaðir af bandaríska uppeldisfrömuðinum Caroline Pratt gagngert í því skyni að gefa börnum kost á grófhreyfingum innandyra í litlu rými. Þar sem Hjallastefnuskólar nota opinn efnivið er litið svo á að allt sem inni á kjarnanum er, sé opinn efniviður og til fjölbreytilegra nota. Þannig eru húsgögn einnig notuð sem leikefni og er algengt að byggja svokallaðar þrautabrautir úr borðum og stólum sem gefa kost á fjölbreytilegri hreyfingu. Dans er einnig mikið notaður í Hjallastefnustarfi; bæði sem

tjáningarform en einnig sem holl og upplífandi hreyfing. Hjallastefnuskólar nota skólaföt, meðal annars í því skyni að tryggja að börnin séu í fatnaði sem þægilegt er að hreyfa sig í.

2.1.1.2. Læsi

„Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.“ segir í Aðalnámskrá leikskóla og í Hjallastefnustarfi er það einmitt gert. Mikil áhersla er á söng þar sem langir og stundum flóknir textar æfa tilfinningu fyrir málnotkun og hrynjanda tungumálsins, þulur eru þuldar og vísur kveðnar líkt og annars staðar í leikskólustarfi en í Hjallastefnunni er síðan lögð rík áhersla á málskilning og merkingu tungumálsins sem ef til vill fer fram með öðrum hætti en gengur og gerist í öðru skólustarfi. Margir sem hafa kynnt sér Hjallastefnustarf taka eftir sérkennilegri málnotkun sem er hluti skólamenningar Hjallastefnuskóla. Þannig eru gömul íslensk orð oft notuð í stað algengari orða, til þess að gefa daglegri notkun tungumálsins aukna dýpt, auka orðaforða barnanna og brjóta upp staðlaðar hugmyndir og gildishlaðnar klisjur. Sem dæmi um þetta eru börnin gjarnan kölluð „stúlkur“ og „drengrir“ í stað „stelpur“ og „strákar“, síðdegishressing barnanna kallast „nónhressing“, allt starfsfólk leikskólans kallast „kennarar“ og að finna sinn innri kjarna og beina athyglinni að sjálfum sér er að „kjarna sig“ í merkingunni að fjarlægja hismið og finna kjarnann. Jafnréttisáherslan kemur einnig fram í málnotkuninni en í vali orðalags er reynt að gæta jafnréttis og t.d. er börnum hrósað og þau hvött til dáða með kynhlutlausum orðum á borð við „frábær“ eða „flott/ur“. Mikil áhersla er lögð á tjáningu í Hjallastefnustarfi og börnunum markvisst kennt að orða vilja sinn á jákvæðan og opinn hátt. Þessi þáttur er innbyggður í valkerfið en einnig fjallar einstaklingsþáttur kynjanámskrárinnar að stórum hluta um þennan lið. Tungumálið er völdugt samskiptatæki sem getur myndað stórkostleg samskipti fólks í milli en getur líka verið hárbeitt vopn. Í Hjallastefnustarfi er leitast við að kenna börnum muninn þarna á milli og markvisst er unnið að því að kenna þeim þá ábyrgð sem felst í orðum og þeim kennd hugtök til þess að skilgreina erfið samskipti svo sem ný yrðið „bögg“ (sem leiðir af sér sögnina „að bögg“) sem túlkar stríðni sem fer yfir mörkin, neikvæðan tón eða viðhorf eða jafnvel einelti án þess þó að vera svo alvarlegt og neikvætt gildishlaðið. Stefna Ísafjarðar í læsi og stærðfræði

„Stillum saman strengi,, er einnig höfð að leiðarljósi í allri vinnu með læsi í sem víðustum skilningi.

2.1.1.3. Sköpun

Aðalnámskrá leikskóla segir að: „Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika.“

Í hverjum valtíma í Hjallastefnuskólum, sem fram fer tvisvar sinnum á dag, gefst börnunum kostur að velja sér föndurkrók þar sem í boði eru einföldustu hlutir til þess að vinna að myndmennt. Í föndurkróknum eru í boði; litir, pappír, skæri, límband, heftari, gatari, yddari, auk ítarefnis sem stundum er bætt inn og getur verið verðlaust föndurefni, vatnslitir, þekjumálning eða hvað annað sem kennurum og börnum dettur í hug. Í valinu er einnig í boði leirkrókur þar sem börnum gefst kostur á massavinnu sem auðveldar þrívídd. Í leirkróknum er oftast heimagert leikdeig og algengustu verkfæri, en stundum er boðið upp á plast- leir sem reynir meira á fingurna eða jafnvel jarðleir sem gefur kost á því að brenna verk barnanna til varðveislu. Í hópátímum er svo unnið mikið í myndsköpun og má segja að eina takmörkunin í þeirri myndsköpun sé hversu langt hugarflug kennara og barna nær.

„Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða ,meira í dag en í gær“. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins.“ segir í Aðalnámskrá leikskóla. Tónlistariðkun hefur ætíð verið eitt af aðalsmerkjum Hjallastefnustarfs og í henni felst mikil sköpun. Í leikskólastarfinu er tónlist notuð mjög markvisst bæði til hlustunar, við dans og aðra tjáningu, í leikjum og ekki síst er sungið býsnin öll í leikskólanum. Í Hjallastefnustarfi er tónlist aldrei notuð sem bakgrunnur í leik barnanna þar sem slíkt getur verið streituvaldandi og í leikskólunum er lögð áhersla á áreitalítið umhverfi, en því meira er hún notuð í hreyfileikjum og annarri markvissri vinnu. Börnunum gefast líka tækifæri til þess að prófa hljóðfæri og ýmsa hljóðgjafa auk þess sem margir hópar taka sig öðru hvoru til og búa til sín eigin hljóðfæri. Söngur er svo aðalsmerki tónlistariðkunar í Hjallastefnuleikskólum og er sungið daglega og vel gætt að því að börnin hafi alltaf ný og skemmtileg sönglög til þess að glíma við. Vikulega er söngnum og annarri tónlistariðkun helguð sérstök stund sem

kallast söngfundur þar sem stúlkur og drengir af mörgum kjörnum koma saman og syngja og dansa.

2.1.1.5. Lýðræði og mannréttindi

Í *Aðalnámskrá leikskóla* kemur fram að „*nútímasamfélag gerir margar og oft mótsagnakenndar kröfur til þegnanna. Hlutverk skólakerfisins er m.a. að búa einstaklinginn undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa honum að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda.*“ Hjallastefnan leggur áherslu á náttúrulegt útisvæði og í flestum skólum er reynt að hafa útisvæðin eins náttúrleg og mögulegt er, þar sem sandpyttir, moldargryfjur og vatn gefa kost á massavinnu úti, grjót, klettar, mishæðir og opin svæði gefa kost á fjölbreyttri hreyfingu og smíðaspýtur og áhöld, málning, penslar, krítar og fleira er gefur kost á skapandi vinnu utandyra. Á heildina litið má segja að á útisvæðum Hjallastefnuskóla sé lögð áhersla á að nýta náttúruna sjálfa til að styðja við leik barnanna í stað tilbúinna lausna á borð við rólur og vegasölt. Náttúran umhverfis leikskólann er einnig auðlind sem mikið er nýtt í starfinu og einnig er farið í lengri vettvangsferðir til þess að njóta náttúrunnar. Reynt er eftir fremsta megni að gefa börnum tækifæri til þess að kynnast dýrum en vegna ofnæmishættu eru einu gæludýrin sem mögulegt er að hafa í leikskólanum fiskar í búrum. Í Hjallastefnunni er lögð áhersla á ábyrgð gagnvart náttúrunni með endurvinnslu eftir því sem starfssemi leikskólans leyfir en aðallega felst ábyrgðin í því að hamla gegn sóun á þeim vörum og hlutum sem takmarka auðlindir náttúrunnar eða menga hana.

„*Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag innan sveitarfélags eða hverfis en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni. Áhersla er lögð á að lýðræðislegir skólar geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.*“ Segir í *Aðalnámskrá leikskóla*. Hjallastefnuskólar reyna að leita ekki langt yfir skammt í þessu efni og nýta þann mannauð sem leikskólinn sjálfur hefur upp á að bjóða. Fjölskylduaðstæður barnanna sjálfra og kennaranna gefa kost á umfjöllun um marga þætti samfélagsfræða og menningar svo sem mismunandi búsetuhætti, ólík fjölskyldu- og sambúðarform, fjölskyldutengsl og atvinnulíf. Styttri og lengri vettvangsferðir gefa kost á því að börnin kynnist nánasta umhverfi sínu og því sem það hefur upp á að bjóða en einnig heimsóknum í menningarstofnanir. Hefðir og hátíðahöld eru hluti af menningu hvers samfélags og í Hjallastefnustarfi eru slíkir viðburðir í hávegum hafðir, upp að þeim

mörkum þó að þeir skapi börnunum streitu eða vanlíðan af öðru tagi. Sem dæmi um þetta má nefna jólaundirbúning í Hjallastefnuskólum en mikið er lagt upp úr því að börnin hljóti jákvæða upplifun af undirbúningnum en jafnframt er reynt að hlífa þeim við streitu og neyslukapphlaupinu sem oft fylgir. Í umfjöllun Hjallastefnuskóla um menningu og samfélag er kappkostað að brjóta upp staðalmyndir kynja og kynþátta og leggja áherslu á mikilvægi þess að hver einstaklingur fái að njóta sérkenna sinna innan þess samfélags sem hann lifir og hrærist í.

2.1.2. Kynjanámskrá Hjallastefnunnar

Kynjanámskrá Hjallastefnunnar hefur að geyma þá þætti Aðalnámskrár leikskóla er segir um jafnrétti. *„Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað.“* Hugmyndafræðilegur grundvöllur jafnréttisuppeldis Hjallastefnunnar byggir á því að kynin séu ólík. Þessi viðurkenning á því að stelpur og strákar séu ekki eins, felur í sér að ólíkum vinnubrögðum þurfi að beita fyrir hvort kyn.

„Kynin haga sér ólíkt, birta sig ólíkt, bregðast ólíkt við – þau tala ólíkt og leika sér ólíkt...hvernig getum við þá brugðist „eins“ við báðum kynjum nema hafna í „meðaltals“ starfsháttum sem þjóna hvorugu kyninu?“ (Margrét Pála Ólafsdóttir, 1999).

Stúlknauppeldið eða einstaklingsþjálfunin, gengur út á að bæta stúlkunum upp þá þjálfun sem þær hafa ekki hlotið vegna þess að þær eru stúlkur og eru það einstaklingsþættir sem skiptast í þrjú megin svið: í fyrsta lagi sjálfstæðiskennslu, sjálfsvitund og sjálfstraust, í öðru lagi jákvæðni og hreinskiptniþjálfun og í þriðja lagi kraft- og kjarkkennslu. Drengjauppeldið eða félagsþjálfunin, gengur út á að bæta drengjunum upp þá þjálfun sem þeir hafa ekki hlotið vegna þess að þeir eru drengir. Það eru helst félags- eða samskiptaþættirnir sem drengina vantar en þeir skiptast í þrjú megin svið: í fyrsta lagi hegðunarkennslu, í öðru lagi viðhorfakennslu og í þriðja lagi nálægðarkennslu. Bæði kyn fá auðvitað báðar tegundir þjálfunar en

í ólíkum hlutföllum eftir því sem hvort kyn skortir. Í þessum kafla er vitnað til Námskrár Hjallastefnunnar (Margrét Pála Ólafsdóttir, 1999)

2.1.2.1. Sjálfstæðiskennsla, sjálfsvitund og sjálfstraust

Í *Aðalnámskrá leikskóla* segir; „Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags.“ Í byrjun einstaklingsþjálfunar er áherslan lögð á að styrkja vitund stúlkanna um sjálfar sig sem einstaklinga og hvetja þær til þess að taka sér líkamlegt rými. Í kennslufræði Hjallastefnunnar er þetta m.a. gert með því að ávarpa stúlkurnar ávallt hverja og eina með nafni í stað þess að tala til þeirra sem hóps, hrósa þeim óspart með kynhlutlausum hrósyrdum s.s. „þú ert frábær“ og dást að þeim við hvert tækifæri, æfa framsögn og framkomu t.d. með því að hver og ein segi sögu, syngi eða fari með brandara frammi fyrir hópnum og merkja svigrúm í leikfimi og dansi til þess að tryggja að þær taki sér nægilegt líkamlegt pláss. Einnig þarf að gæta þess að klæðaburður stúlkanna og hárið hamli þeim ekki í líkamlegri hreyfingu.

2.1.2.2. Jákvæðni og hreinskiptniþjálfun

Annað stig einstaklingsþjálfunar Hjallastefnunnar er jákvæðnikennsla til þess að stúlkurnar læri að koma óskum sínum og skoðunum að á hreinskiptinn hátt. Þetta er gert með því að minnka þolendaskilaboð til þeirra „ekki segja ekki“ heldur gefa þeim frekar skýrt til kynna hvað má gera í staðinn. Einnig er á þessu stigi farið af fullri alvöru í að takast á við nöldurtón og klögumál með því að benda stúlkunum á leiðir sem nota má í staðinn og æfa þær. Sem dæmi um slíka æfingu er að þegar stúlkurnar gefa frá sér þolendaskilaboð s.s. „mér er kalt“ eða „hún var að pota í mig“ þá spyr kennarinn: „hvað ætlar þú að gera í því?“ í stað þess að afhenda lausnina og bjarga barninu úr vandræðunum. Niðurstaðan úr þess háttar æfingum er yfirleitt sú að stúlkurnar finna leið út úr þolendahlutverkinu og leysa málin á jákvæðan hátt; s.s. með því að fara í peysuna sína í stað þess að kvarta yfir kulda og biðja sessunaut sinn kurteislega að hætta potinu í stað þess að vænta þess að þriðji aðili bjargi þeim úr klípunni. Í þessum áfanga einstaklingsuppeldisins er mikil áhersla lögð á að æfa gleði og glens, hvetja stúlkurnar til þess að taka lífinu með minni alvöru og leyfa sér að kætast. Þetta getur reynt á kennarann jafnt og börnin, því fullorðnir eru ekki síður en börn oft orðnir of vanir því að detta í nöldurtón og kvabb.

2.1.2.3. Kraft- og kjarkkennsla

Þriðji megin þáttur einstaklingsuppeldisins er síðan kraft- og kjarkkennsla sem á að gefa stúlkunum sjálfsmynd „...sterkra og hraustra stúlkna sem geta allt sem þær vilja...“ eins og segir í Námskrá Hjallastefnunnar. Þetta er gert með stöðugri hvatningu til þess að ögra þeim út fyrir hinn hefðbundna ramma kvenhlutverksins, frá óvirkni þolendahlutverksins yfir í gerendahlutverk. Til þessa er líkamleg hreyfing ein besta leiðin og Hjallastefnan notar svokallaðar kjarkæfingar til að æfa kjark og frumkvæði. Kjarkæfingar Hjallastefnunnar eiga að vera óvenjulegar, fjörugar, líkamlegar og hávaðasamar. Æfingarnar eiga að vera óvenjulegar til þess að brjóta upp hefðbundna hugsun um hvað má og má ekki og sigrast þannig á tabúum og fyrirframgefnum hugmyndum um hvað „passar“ við tiltekna aðstæður. Dæmi um slíka æfingu er leikur með ósoðin egg sem er spennandi og gefur stúlkunum þá tilfinningu að þær séu að sigrast á einhverju hættulegu og þess vegna séu þær hugrakkar auk þess sem slíkur leikur brýtur tabúið „ekki leika með matinn“. Áherslan á að kjarkæfingarnar séu líkamlegar og hávaðasamar er einnig mikilvæg í þessu sambandi því ætlun æfinganna er að draga fram frumkraftinn í stúlkunum sem of oft er búið að bæla niður í klafa kvenhlutverksins. Kjarkæfingunum tilheyra síðan mistakaæfingar sem felast í því að eftir að stúlkurnar hafa æft kjarkinn um töluvert langa hríð setur kennarinn þeim fyrir verkefni sem fyrirfram er dæmt til þess að mistakast og kennir síðan heppileg viðbrögð við mistökum s.s. „gengur betur næst!“ og „æfingin skapar meistarann!“ Tilgangurinn með þessum æfingum er að sigrast á mistakaótta stúlkanna en ótti stúlkna og kvenna við mistök er oft rótgróinn og mesta hömlun þeirra en svokallað lært hjálparleysi kvenna er ein af afleiðingum þessa ótta.

2.1.2.4. Hegðunarkennsla

Hegðunarkennslan er grundvöllur þess að tveir seinni þættir félagsþjálfunarinnar geti gengið upp. Þessi grunnþáttur þjálfunarinnar felst að stærstum hluta í að aga drengina, kenna þeim ásættanlega framkomu við aðra og að þjálfna þá í að hlusta á og fara eftir fyrirmælum. Þetta er samkvæmt Handbók Hjallastefnunnar grundvöllur þess að vel geti tekist til með seinni þætti þjálfunarinnar vegna þess að án þessarar grunnfærni þ.e. að ef drengirnir kunna ekki að fara eftir reglu, koma illa fram við aðra og geta ekki hlustað á fyrirmæli eða leiðbeiningar, þá verður lítið um nám á öðrum sviðum. Aðferðirnar sem notaðar eru skv. Hjallastefnunni til þess að ná aga eru að stærstum hluta fyrirbyggjandi;

t.d. er drengjunum kennt að fara í röð, allir eiga föst sæti svo ekki þurfi að rífast um þau og umferðarreglur og vinnusvæði eru merkt með vel sýnilegu límbandi á gólfm. Kennarar forðast aðfinnslur og nöldur og gefa einföld og skýr fyrirmæli, sem síðan er fylgt eftir til enda. Opinskátt er rætt við drengina um að þeir séu að æfa hegðun og að góð hegðun sé eftirsóknarverð. Þeir fá hvatningu og hrós þegar vel gengur og kennarar leggja sig fram um að sannfæra þá um að þeir verði og séu frábærir í því að haga sér og vera prúðir piltar. Fyrirmælaæfingar eru síðan notaðar til þess að æfa drengina í að hlusta eftir fyrirmælum kennarans og er þetta að stórum hluta kennt í gegnum leik og hreyfingu, t.d. með þrautabrautum, hópleikfimi, og göngu- og hlaupaferðum þar sem mismunandi aðferðir eru notaðar til þess að fara á milli áfangastaða.

2.1.2.5. Viðhorfakennsla

Margrét Pála Ólafsdóttir telur að eitt helsta verkefni skólans sé að kenna og móta viðhorf barna og einn mikilvægasti þátturinn er viðhorf þeirra til hlutverka og hegðunar kynjanna og í Hjallastefnunni er byrjað á viðhorfi drengjanna til sjálfra sín. Leitað er leiða til þess að gefa piltunum þá sjálfsmynd að þeir séu, eins og stendur í Námskrá Hjallastefnunnar, „...*fallegir, ljúfir og vingjarnlegir einstaklingar...*“ og að þeir eignist hæfnina til náinnar vináttu. Þetta er m.a. gert með því að rækta vináttuanda í hópnum; ræða mikið um vináttuna, búa til sérstakar hefðir fyrir hópinn sem gefur piltunum jákvætt hópstolt s.s. sérstök sönglög eða sérstaka hópheilsun. Rætt er opinskátt um einelti og viðbrögð við því og drengjunum kennt að verjast stríðni og áreitni og að verja vini sína fyrir því sama og einnig æfa þeir sig í því að skoða og skilja hvenær þeir sjálfir eru að senda einhverjum neikvæð skilaboð eða „bögg“. Drengirnir æfa sig í að gæta bróður síns og kennarar fela þeim alvöru verkefni í þessum tilgangi s.s. að hjálpa hver öðrum í fataklefanum, hugga vini sína, gæta yngri drengjanna o.s.fv. og í kynjaskiptu starfi kemur í ljós að piltarnir hafa töluverðan áhuga á að sinna yngri börnum og gera það með gleði – þegar stúlkurnar eru ekki til staðar til að taka hlutverkið! Mikilvægt er í viðhorfakennslunni að kennarar aðstoði drengina út úr blóraböggulshugsun og spyrji t.d. aldrei „hver byrjaði slagsmálin?“ eða hvað „gerðist?“ heldur hjálpi piltunum að leita leiða til þess að laga málin og gera gott úr öllu. Ef einhver hellir niður mjólkinni sinni er t.d. tilvalið fyrir kennarann að hella niður líka til að afnema „sekt“ drengsins sem hellti niður og minnka mistakaóttann með því að sýna sjálfur jákvæð viðbrögð s.s. „gengur betur næst!“ og hlæja svo bara að öllu saman.

Svokallað „millimetralýðræði“ er notað mikið í drengjauppeldi Hjallastefnunnar til þess að kenna piltunum réttlætishugsun sem Margrét Pála Ólafsdóttir segir undanfara jafnréttishugsunar. Þetta millimetralýðræði er þannig í framkvæmd að kennarinn skiptir öllu hnífjafnt milli drengjanna: t.d. tíma til þess að tala ef margir þurfa að tjá sig, en þá er hægt að grípa upp klukkuna og skammta tvær mínútur á mann. Viðhorfið til stúlkanna er líka mikilvægt í drengjauppeldinu. Drengjahópar í Hjallastefnuskólum eiga alltaf fastan vinahóp af stelpukjarna sem þeir hitta einu sinni á dag til að æfa samskipti og vináttu. Kennarar gæta þess að halda uppi mjög jákvæðri orðræðu í garð hins kynsins og er það auðveldara í kynjaskiptu starfi þar sem drengirnir horfa ekki sífellt upp á neikvæðar birtingarmyndir staðalmynda kvenleikans. Ein meginstoð Hjallastefnunnar er einmitt jákvæðni og er það auk nýrra viðhorfa til kynjanna eflaust eitt það mikilvægasta sem hægt er að gefa ungum börnum í veganesti. Börnin fá markvissa þjálfun í því að læra að líta á erfiðar aðstæður sem jákvæða lífsreynslu eða tækifæri, í stað þess að velta sér upp úr sjálfsvorkunn eða reiði. Þetta jákvæða lífsviðhorf myndi eflaust samræmast öllum meginreglum geðræktarsjónarmiða, en samkvæmt þeim telst mikilvægt að læra að líta á erfiðleika sem verkefni en ekki hindranir.

2.1.2.6. Nálægðarkennsla

Nálægðarkennsla er síðan þriðji þáttur félagsþjálfunarinnar í drengjauppeldi Hjallastefnunnar. Með nálægðarkennslunni er drengjunum gefinn kostur á að vinna með tilfinningar svo og að auka kjark þeirra í nálægð, snertingu og umhyggju hver fyrir öðrum. Nálægðarkennslan hefur líka þann tilgang að minnka streitu því æfingarnar eru alltaf gerðar í rólegu og afslöppuðu andrúmslofti sem gefur kost á að kærleikstengsl skapist milli allra í hópnum. Dæmi um nálægðaræfingar sem notaðar eru í Hjallastefnuskólum eru speglaæfingin, þar sem drengirnir sitja í friði framan við spegil og horfa á sjálfa sig og æfa sig í að segja falleg orð frá hjartans rótum við sjálfa sig í speglinum, handanudd, þar sem tveir og tveir drengir vinna saman og skiptast á að nudda hendur hvors annars með kremi og penslaæfingin, þar sem tveir drengir skiptast á að strjúka andlit hvors annars með mjúkum og hreinum málningarpensli. Einnig geta dýr verið einstaklega hjálpleg í nálægðaræfingum; sérstaklega loðin og mjúk dýr en flestir piltar eiga auðvelt með nánd við dýr, þó sumum reynist nánd við annað fólk erfið.

2.1.3. Fyrirhugaðar umbætur næsta skólaárs

Á næsta ári mun starfsfólk Eyrarskjóls leggja áherslu á eins og síðastliðiðin ár að vinna með kynjanámskrá Hjallastefnunnar og nota mátt hennar til umbóta í öllu starfi skólans. Einnig er stefna Ísafjarðarbæjar „Stillum saman strengi“ sem er í endurskoðun og lítur að auknu læsi- og stærðfræði þekkingu barna í sveitarfélaginu. Starfsáætlun í læsi hefur verið unnin fyrir hvern aldur í læsi og námskrá 5 ára barna í læsi og stærðfræði. Kennarar skólans munu líkt og á síðastliðnu hausti 2019 fara í gegnum 10 vikna nýliðafræðslu Hjallastefnunnar til að vinna enn betur að markmiðum hennar.

Það er mjög brýnt að leikskólalóðin verði tekin í gegn í ár og hún aðlöguð að þörfum yngri og eldri barna skólans. Eins og staðan er í dag er framkvæmdum við húsið að ljúka og ekki vitað annað en að lóðin verði einnig búin fyrir haustið. Lóðin er hættuleg börnum í dag vegna vatnssöfnunar og rasks vegna viðbyggingar og framkvæmda við húsið.

2.2. Leikskólastarfið

Ýmsar uppákomur og viðburðir eru fastir liðir í starfi Eyrarskjóls ár eftir ár og má nefna viðburði eins og söngfundir, maskaball og laufabrauðsgerð í upphafi aðventu, sem hafa fylgt leikskólastarfinu frá upphafi. Laufabrauðið gátum við ekki bakað á síðustu aðventu því eldhúsið var ekki komið í gagnið en á þeirri næstu verður það gert með fyrra sniði. Aðrir viðburðir taka mið af stafi skólans hverju sinni og ákveður hver kjarni sínar uppákomur út frá starfi hans.

Á hverjum föstudegi er gleðistund þar sem börn og kennarar allra kjarna koma saman á einhverjum kjarna skólans, þar hittast börn sem mætt eru, syngja og gera sér glaðan dag. Kjarnarnir skiptast á að vera með uppákomur. Fyrir börn sem átt hafa afmæli er sunginn afmælissöngur, afmælisbarninu er boðin tollering sem er hluti af kjarkæfingum sem eru samofnar starfi skólans með báðum kynjum.

5. september var foreldrafundur þar sem allir kjarnarnir voru saman og foreldrafélagið hélt einnig sinn haustfund og kosið var í stjórnir foreldrafélagsins og foreldraráðs.

4. október var ráðstefna Hjallastefnunnar þar sem þema dagsins var dagskipulag Hjallastefnunnar, vinnan með lotukennsluna og valið stóð um 8 vinnustofur og gat hver kennari valið um 4 vinnustofur.

Í desember undirbjuggu börnin kaffihús og borðuðu smákökur sem bakaðar voru í skólanum. Einnig fóru sumir kennarar með hópinn sinn á sitt einkaheimili og buðu upp á veitingar, það var að sjálfsögðu gert í samráði við foreldra.

6. desember koma Einar Mikael og var með jólatöfrastund við mikla gleði barnanna.

Jólagleði var ekki haldin með hefðbundnu sniði þetta starfsárið þar sem eldhúsið okkar komst ekki í gagnið fyrr en 19. desember en við höfðum okkar árlega jólasöngfund.

Gunnhildur Gestsdóttir jógakennari kom á haustönn með yoga slökun með tveimur elstu árgöngum skólans tíu stundir, hálf tíma í senn. Ekkert varð úr Yoga á vorönn vegna C-19.

6. janúar var sparifatadagur og mættu kennarar og börn í sínu finasta pússi.

24. janúar var hið árlega þorrablót haldið á bóndadaginn og sólarkaffi var í febrúar og bakaðar vöflur þegar við sáum sólina í fyrsta sinn.

6. febrúar var dagur leikskólans haldinn hátíðlegur og nýbygging skólans afhent formlega.

24. janúar var maskaball að venju á bolludaginn og mikið húllumhæ og gleði. Foreldrasamtal var laugardaginn 2. nóvember þar sem öllum foreldrum var gefinn tími til að koma og hitta hópstjóra barnsins síns og spjalla saman í næði. Foreldrar geta komið með börn sín með sér. Hið síðara átti að vera 28. mars en þegar þetta er ritað höfum við ekki tekið þau vegna C-19.

Sameiginlegur íþróttadagur leikskólanna í Ísafjarðarbæ átti að vera nú í júní en var frestað vegna C-19. Sólargangan var með öðru sniði í ár en vanalega, hún var farin 16. júní án þessa að vera með leikskólanum Sólborg/Tanga.

Eitt barn hefur verið með stuðning allt árið. Leikskólakennari hefur gegnt þeirri stöðu.

Börn hafa notið sérkennslu í skólanum á starfsárinu, í einhverju formi, ein eða í litlum hópum inni á kjörnum vegna aðstöðuleysis til sérkennslu. Sérkennslustjóri hefur unnið einstaklingsnámskrár með áherslum fyrir hvern einstakling í samvinnu við hópstjóra

og kennara kjarnanna og báru kennarar ábyrgð á að fylgja þeim áhæslum eftir í samráði við sérkennslustjóra. Allir starfsmenn eiga að vera meðvitaðir um sérstakar þarfir barnanna og er reynt að koma til móts við börnin þar sem þau eru í starfi hverju sinni. Helstu ástæður sérkennslu á skólaárinu eru seinkun á málþroska, tilhneiging til ADHD, seinkaður hreyfiþroski og krefjandi hegðun. Talmeinafræðingur hefur lítið komið í skólann með talþjálfun á starfsárinu vegna veðurfarsástæðna og C-19.

Flest öllum föstum uppákomum sem skipulagðar voru á árinu tókst að framfylgja.

Helsta markmið ársins var að vinna betur eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar, *Aðalnámsrá leikskóla frá 2011, Stillum saman strengi* læsistefnu Ísafjarðarbæjar og gekk það vel í ljósi allra aðstæðna.

Enn er það skoðun kennara skólans, stjórnenda og annara starfsmanna skólans að það hafi verið mikið framfaraspor og skólanum til heilla að Hjallastefnan tæki við rekstri skólans um mitt ár 2014 til að festa stefnuna í sessi og vera í tengingu við Hjallasamfélagið á landsvísu.

Fimm ára áætlun var gerð í læsi veturinn 2014 til 2015, einnig stefna fyrir hvern árgang. Þessari áætlun verður fylgt áfram þó svo börn skólans séu ári yngri þegar þau fara frá skólanum.

Þetta á einnig við um hugtök innan stærðfræðinnar og að kunna skil á að telja.

2.2.1. Aðlögun nýrra barna

Aðlögun barna hefst 5. ágúst 2020 og er stefnan tekin á að taka 22. börn inn í skólann til áramóta. Skólinn verður ekki full setinn í vetur eins og staðan er í júlí 2020.

2.2.2. Dagskipulag

7:45 – 8:30 Leikskólinn opnar, tekið á móti börnunum á kjörnum og val.

8:30 – 9:00 Morgunmatur.

9:00 – 9:10 – Samverustund (börnin setjast á plássin sín á mottunni í leikstofu og syngja.)

9:10 – 10:25 Hópatímar og ávaxtastund.

10:25 – 11 .15 Valfundur í leikstofu (börnin setjast á plássin sín og velja)

- 11:10 – 11:20 Taka saman / útivera kemur inn
- 11:30 – 12:30 Hádegismatur kennarar sitja til borðs með börnunum.
- 12:30 – 13 .30 Hópatímar á Rauða og Bláa kjarna. Á Gula og Græna kjarna sofa börnin.
- 13:35 – 14:10 Valfundur í leikstofu börnin setjast á plássin sín og velja
- 14:30 – 15:00 nónhressing barnanna.
- 15:00 – 15:20 Samverustund
- 15:20 – 16:30 Róleg stund inni eða úti.

2.2.3. Skólaföt

Skólaföt fyrir börnin eru að festa sig í sessi og foreldrum og kennurum líkar sú tilhögun allmennt vel.

Skólaföt sem eru í boði og þróuð í samvinnu við foreldra eru; joggingbuxur, léttbuxur (leggings), flísbuxur, (pils), (stuttbuxur), langerma- og stuttermabolir, ullarpeysur, flísjakkar, flísvettlingar og höfuðbönd.

Helstu ávinningar skólafatanna teljum við vera:

1. Skólafötin jafna aðstöðumun nemenda og minnka þannig meðal annars samkeppni.
2. Skólafötin eru þægileg og styðja nemendur til sjálfshjálpar og gefa þeim þannig fleiri tækifæri til að upplifa sigra.
3. Í skólafötunum nýtur einstaklingurinn sín betur án „umbúða“, það er persóna og andlit sem einkennir barnið en ekki fatnaðurinn.
4. Skólafötin efla skólaandann meðal annars með því að skapa liðsheild.
5. Skólafötin spara mörgum foreldrum og börnum þeirra ágreining til dæmis á morgnana um hverju skuli klæðast.
6. Skólafötin einfalda fatakaup og spara slit á öðrum fatnaði.

2.2.4. Ferðir og uppákomur

Engin vorferð í rútu var farin í vor, vegna C-19, en vorferð út í Bolungavík í rútu hefur verið árlegur viðburður hjá okkur með elstu börnum skólans, þá er náttúrugripasafnið skoðað, farið í gönguferð og borðað í Einarshúsi. Íþróttahátíð var frestað en farið í sólargöngu 16. júní. Foreldrafélag Eyrarskjóls stóð fyrir lambaskoðunarferð að Botni í Súgandafirði og tókst hún með miklum ágætum. Börnin í Eyrarskjóli fara mikið um sitt nærumhverfi með sínum hópstjórum og kynnast þannig sínu nánasta umhverfi. Farið var í

leikhús og á danssýningu í Edinborgarhúsinu. Haldin er jólagleði, þorrablot, ýmsir uppákomudagar og fleira.

Engin skólaheimsókn var á starfsárinu þar sem elstu börnin eru á Tanga.

2.2.5. Gestir

Börnin í Sólborg og Tanga hafa verið dugleg að heimsækja okkur á þessu ári. Foreldrar komu í morgunkaffi í desember og febrúar var dagur leikskólans og opið hús þar sem foreldrum og velunnurum skólans er boðið að koma og njóta morgunverðar með börnum og starfsfólki. C-19 varð til þess að minni samgangur var í skólasamfélagi bæjarins og einnig að fara með börnin í heimsóknir í önnur sveitarfélög.

3. Starfsmannahald

3.1. Móttaka nýrra starfsmanna

Að loknu atvinnuviðtali við skólastjóra í Eyrarskjóli er nýjum starfsmanni boðið að koma í þrúfudag. Á þrúfudegi gefst nýja starfsmanninum tækifæri til að máta sig við starf í leikskóla og okkur að sjá starfsmann í samskiptum við börnin. Við ráðningu fer skólastjóri yfir skyldur og starfssvið viðkomandi. Eftir það fer starfsmaðurinn í aðlögun í nokkra daga á þeim kjarna sem hann mun koma til með að vinna á, æskilegt er að fráfarandi starfsmaður setji nýja starfsmanninn inn í störf sín, sé þess kostur. Nýir kennarar fara í gegnum 10 vikna nýliðþjálfun Hjallastefnunnar og eftir hana kemur í ljós hvort starfið henti viðkomandi. Nýtt starfsfólk fær auk þess reyndan kennara sem er nokkurs konar mentor sem leiðbeinir þeim í daglegu starfi og kynnir þau fyrir börnunum og foreldrum. Nýr starfsmaður er kynntur á upplýsingatöflu kjarnans, á heimasíðu og einnig er viðkomandi starfsmaður kynntur persónulega fyrir foreldrum þegar því verður við komið. Nýir starfsmenn fá afhenta námskrá Eyrarskjóls og starfslýsingar, einkennisfatnað, munahólf og netfang.

3.2. Símenntun og starfsþróun

Starfsfólk Eyrarskjóls er hvatt til að afla sér menntunar með þátttöku í námsstefnum, ráðstefnum og námskeiðum sem tengjast leikskólastarfi og menntun ungar barna á einhvern hátt. Á liðnu skólaári sóttu Kennarar og starfsmenn Eyrarskjóls námskeið og ráðstefnur bæði heima og að heiman. Skólanum barst höfðingleg gjöf frá Kiwanisklúbbnum Básam, sjónvarpstæki og hefur það nýst vel á C-19 tímum og eftir það við allskyns fræðslu og fundi með kennurum og starfsmönnum skólans.

Það að allir starfsmenn fái að njóta saman námskeiða er mikilvægt til að auka samvinnu og samkennd við þau verkefni sem verið er að starfa að.

Á læstri síðu starfsfólks Eyrarskjóls og Hjallastefnunnar á samskiptavefnum Workplace á sér stað umræða um fjölmargt sem viðkemur skólstarfinu og hefur starfsfólk verið duglegt að setja þar inn tengla á greinar sem tengjast jafnréttisstarfi á einn eða annan hátt. Einnig eru kennarar Eyrarskjóls með Workplace síðu, hugmyndabanka og fræðslusíðu þar sem þeir deila sín í milli kennsluefni og fróðleik. Hjallastefnan er einnig með starfsmannasíður á Workplace og á innri vef stefnunnar þar sem kennarar hafa aðgang að kennslu og fræðsluefni. Eins og fyrr er frá greint hefur þetta efni verið gert betur aðgengilegt kennurum stefnunnar.

Skipulagsdagar Eyrarskjóls voru vel nýttir enda dýrmætur tími til símenntunnar.

Leikskólastjóri sótti stjórnendafundi Hjallastefnunnar frá september til maí að undanskildum desember bæði í Reykjavík og í gegnum vefinn. Einnig voru leikskólastjórafundir á vegum Ísafjarðarbæjar alla mánuði frá september til júní.

Margrét Pála Ólafsdóttir kom í heimsókn til Eyrarskjóls 25. og 26. febrúar, var á starfsmannafundi og inni á kjörnum, kennurum til leiðsagnar og gleði. Þórdís Jóna Sigurðardóttir og Alma Guðmundsdóttir komu einnig 3. sinnum á starfsárinu. Eyrarskjóli er mikilvægt allt samstarf og samvera við Hjallastefnusamfélagið til að fá uppfræðslu og afla þekkingar starfinu til heilla.

Auk þeirra starfsmanna sem voru í námi starfsárið 2019 til 2020 fóru allir kennarar skólans í gegnum 10 vikna nýliðafræðslu Hjallastefnunnar og einnig námskeið á vegum Hjallastefnunnar á starfsdegi 5. október 2019. 4. tíma námskeið í gegnum vefinn hjá Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, um atferlismótun og skráningu. Haustið 2019 sat allt starfsfólk leikskólans námskeið í Táknum með tali. Sérkennslustjóri kláraði viðbótardiplómu á starfsárinu.

3.3. Faglegur stuðningur og samstarf

Starfsfólki Eyrarskjóls var boðið upp á starfsmannaviðtöl á vorönn. Starfsmannaviðtölin eru ætluð til að veita starfsfólk tækifæri til að tjá sig um líðan í starfi, væntingar til starfsins, hvað betur má fara og koma hugmyndum á framfæri við leikskólastjóra. Fyrir viðtölin fær starfsfólk afhenta gátlista yfir atriði sem geta komið til umræðu í viðtalinu ásamt eyðublaði

um óskir um vinnutíma og hvaða kjarna er óskað eftir að starfa á ásamt óskum um sumarleyfi.

Hlutverk kjarnastjóra er að vinna að faglegum stuðningi við starfsfólk á kjarnanum, jafnframt er í boði að leita til skólastjóra hvenær sem þörf er á. Á síðasta skólaári var faglegur stuðningur umfram það að mestu leyti í höndum skólastjóra, sérkennslustjóra og Guðrúnar Birgisdóttur, skóla- og sérkennslufulltrúa Ísafjarðarbæjar. Hjá Hjallastefnunni er einnig auðsótt að fá handleiðslu við sérstök mál, t.d. vegna foreldrasamskipta eða hegðunar einstakra barna svo eitthvað sé nefnt. Mikil samvinna er á milli kjarna og milli kennara sem starfa með sama aldur. Fer sú samvinna fram í hópatímum og á fundum ef þarf að ræða sérstök mál eða samræma vinnuaðferðir. Eyrarskjól er systurskóli Hjalla í Hafnafirði.

Eyrarskjól hefur aðgang að sérfræðiþjónustu frá skóla og fjölskyldusviði, Ísafjarðarbæjar.

Vel tókst til með starfsmannamarkmið þó alltaf megi gera betur í þeim efnum sem og fyrr er frá greint. Öll endurmenntun sem í boði er í heimabyggð eru starfsmenn hvattir til að nýta sér og svo einnig faglegar umræður í starfsmannahópnum og á starfsmannafundum.

3.4. Nám með vinnu og námsleyfi

Einn kennari í Eyrarskjóli var í námi sl. starfsár og lauk viðbótardiplómu í sérkennslufræðum.

4. Samstarf

4.1. Samstarf og tengsl utan leikskólans

Hjallastefnan rekur skólann en Ísafjarðarbær er með yfirumsjón á sérkennslumálum hans.

Skóla- og tómsfundasvið Ísafjarðarbæjar sér um málefni leikskólans og er sviðsstjóri þess Stefanía Ásmundsdóttir. Guðrún Birgisdóttir er Skóla- og sérkennslufulltrúi Ísafjarðarbæjar er snýr að málefnum þeirra barna í Eyrarskjóli er upp koma hverju sinni. Öll innkaup skólans eru gerð í heimabyggð eins og hægt er en annað sótt annað eftir því sem við á.

4.1.1. Tengsl við ráðgjafapjónustu

Eyrarskjól hefur aðgang að sérfræðipjónustu frá Skóla- og tómsfundasviði Ísafjarðarbæjar. Þar er um að ræða meðal annars þjónustu sérkennslufulltrúa Skóla- og tómsfundasviðs, talmeinafræðings og sálfræðings. Þessi þjónusta er nýtt eftir föngum.

4.1.2. Tengsl við aðra leikskóla

Eyrarskjól er systurskóli Hjalla í Hafnafirði og sér Íris Helga Baldursdóttir um þá þætti sem varða mál Hjallastefnunnar í Eyrarskjóli einnig Þórdís Jóna Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri hennar. Skólinn er einnig í tengslum við skólana í nærumhverfi sínu.

4.1.3. Samstarfsverkefni, þróunarverkefni og þróunarstarf.

Samstarfsverkefni var á milli Hjalla í Hafnafirði og Eyrarskjóls við að innleiða Hjallastefnuna. Ekkert þróunarverkefni og þróunarstarf var markvisst í starfi skólans annað en að taka Hjallastefnuna inn að öllu leiti í starf skólans og fylga eftir læsisstefnu sveitafélagsins.

4.1.4. Nemar

Enginn nemi var í Eyrarskjóli þetta starfsár.

4.2. Samstarf heimilis og skóla

Markmið með foreldrasamstarfi er skv. Aðalnámskrá leikskóla að „*veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans, veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum, afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra, stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans, rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna og skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.*“

4.2.1. Daglegt samstarf

Hjallastefnuleikskólar leggja áherslu á samstarf heimilis og skóla og eru fjölmargir þættir leikskólastarfsins sniðnir til þess að hvetja til og styðja við þetta samstarf. Þjónustumiðun skólans er hugsuð til þess að auðvelda barnafjölskyldum lífið en til dæmis býðst foreldrum að kaupa aukavistunartíma með engum fyrirvara ef illa stendur á eða eitthvað óvænt kemur upp og þannig verður umönnun og velferð barnsins samvinnuverkefni heimilisins og leikskólans sem tekur aukna ábyrgð á að aðstoða fjölskylduna. Öllum foreldrum í öllum Hjallastefnuleikskólum stendur til boða að koma í heimsókn í leikskólann án fyrirvara og

dvelja sem gestir og fylgjast með barninu í leik og starfi. Skipulag starfsins í Hjallastefnuleikskólum er með þeim hætti að starfsmaður er ávallt aðgengilegur fyrir foreldra á opnunartíma leikskólans til þess að taka vel á móti börnum og foreldrum, fá fréttir af líðan og gengi barnsins heima, svara spurningum foreldra og koma skilaboðum frá heimilinu áleiðis til þess starfsmanns sem annast barnið yfir daginn. Auk þessa daglega samstarfs er skipulagt samstarfs heimilis og skóla í formi funda, viðtala og ýmissa atburða yfir skólaárið.

4.2.2. Upplýsingastreymi

Hjallastefnan ehf. rekur stærsta leikskólavef landsins www.hjalli.is sem er beintengdur við gagnagrunn innan rekstrarforritsins eyrarskjol@hjalli.is „Karellen“ og appi þar sem börn skólans eru skráð inn í skólann dag hvern að morgni og út í lok dags. Í gegnum appið geta foreldrar verið í sambandi í kjarna sinna barna og komið beint tilkynningum um það sem brýnt er hverju sinni að að koma til skila. Sama á einnig við um kennarana. Vefnum fylgir vefumsjónarkerfi sem gerir starfsfólki með litla tölvukunnáttu auðvelt að koma upplýsingum á vefinn og eru með reglulegu millibili settar fréttir af starfi hvers kjarna inn á kjarnasíðuna og fréttir af heildarstarfi skólans á forsíðu skólans. Fyrst og fremst felst þó upplýsingamiðlun til foreldra í myndasafni skólans en leikskólinn setur mörg hundruð myndir á mánuði á vefinn. Myndasafnið er nokkurs konar gluggi fjölskyldunnar inn í leikskólastarfið en þar má sjá myndir af börnunum í leik á val tíma, af hópastarfi og öðru starfi kennara með börnunum. Foreldrar geta hlaðið niður myndunum af sínu barni til eignar. Gert er ráð fyrir að foreldrar hafi aðgengi að veraldarvefnum og fylgist með upplýsingum á vef leikskólans og í gegn um appið, en einnig er reynt að skrifa skilaboð á tússtöflur sem eru fyrir framan hvern kjarna. Auk þess er upplýsingum komið á framfæri við foreldra með tölvupóstum.

4.2.3. Fundir og viðtöl

Hver leikskólastjóri hefur heimild til að loka sínum leikskóla í 16 tíma yfir árið til að halda starfsmannafundi. Á síðasta starfsári voru tveir 2ja tíma fundir og fjórir 4. tíma fundir. Rúmlega þriggja tíma fundirnir voru haldnir strax að morgni eða að loknum hádegisverði. Skólanum var lokað kl 15:00 fyrir sumarlokun og var opnaður aftur kl 9:00 eftir sumarfrí. Eyrarskjól og Sólborg samræmdu sín dagatöl við Grunnskólann hér á Ísafirði.

4.2.4.Þátttaka foreldra

Foreldraráð og foreldrafélag er við leikskólann Eyrarskjól

Foreldraráð skipa Ásgerður Þorleifsdóttir formaður og meðstjórnendur eru Magni Hreinn Jónsson og Tinna Ólafsdóttir

Foreldrafélagið skipa Sigríður Elsa Álfhildardóttir formaður, Telma Lís Þórðardóttir gjaldkeri Kolbrún Fjóla Arnarsdóttir, Birgir Þór Halldórsson og Páll Janus Þórðarson.

5.Ytri umbúnaður leikskólastarfsins

5.1.Skólinn

Skólinn var stækkaður á þessu starfsári úr fjögurra kjarna skóla í sex. Norðan megin í húsinu voru og eru Blái og Rauði kjarni, þar eru nú Guli og Græni Kjarni. Í miðju húsinu var salur, eldhús, vinnuaðstaða starfsfólks. Vestan megin voru Guli og Græni kjarni sem er nú Hvítikjarni. Í framkvæmdunum var eldhús, salur, undirbúningsaðstaða, starfsmannasalerni og kaffistofa starfsmanna breytt í nýtt eldhús, kaffistofu kennara, undirbúningsaðstöðu og sérþarfasalerni.. Þessum áfanga átti að ljúka 10. september 2019 en dróst og byrjað var að elda í eldhúsi 18. desember 2019. Meðan á þessum framkvæmdum stóð kom matur fyrir skólann frá mötuneyti GÍ.

6.Tölulegar upplýsingar

6.1.Nemendur

22 börn fara á Tanga 4. ágúst 2020 og voru 68 börn í húsi þetta starfsár. 20 stúlkur á Bláa kjarna, 13 stúlkur á Græna kjarna, 12 drengir á Gula kjarna og 23 drengir á Rauða kjarna. Þetta starfsárið var ekki alveg hrein kynjaskipting frá áramótum 2020 á Gula kjarna en þar voru stúlkur með drengjunum.

Stöðugildi í Eyrarskjóli 15. júní 2020 með afleysingum er 19,15 eða 20 starfsmenn. Tveir starfsmenn eru í barnsburðarleyfi og hefja störf í haust. Ræsting er boðin út og er hún ekki inn í stöðugildum starfsmanna. Í leikskólanum eru fjórir leikskólakennarar og einn af þeim með viðbótar diplómu í sérkennslufræðum, einn aðstoðarleikskólakennari, þrjú leikskólaliðar og tveir með aðra háskólamenntun sex ófaglærðir, tveir sinna afleysingum og tveir matráðar.

Einn kennari hætti störfum á árinu.

Sama fyrirkomulag var síðastliðið sumar og árin á undan að leikskólinn tók á móti unglingum frá vinnuskólanum. Færri unglingar tóku þátt í því starfi í ár en aðeins er í boði að vera tvær vikur í senn. Þessir frábæru unglingar vildu vinna lengri tíma í senn og er það í samræmi við vilja kennara í Eyrarskjóli því börnin á kjörnunum eru varla farin að venjast nýjum starfsmanni þegar hann er farinn og nýr kominn í staðinn. Lítil börn vilja stöðugleika og er þetta fyrirkomulag vinnuskólans ekki í samræmi við þarfir barnanna.

Markmið síðasta árs varðandi starfið í Eyrarskjóli með börnum og kennurum hans var að vinna vel að því frábæra skólastarfi sem er sinnt í Eyrarskjóli við þær aðstæður sem blöstu við í upphafi starfsársins og efla sjálfstraust. Þessi markmið gengu eftir og má það því þakka hversu frábært starfsfólk er innan raða skólans. Markmið þess efnis að bæta sjálfstraust og ánægju meðal starfsmanna tókst vel og er að skila sér vel í starfi leikskólans og í auknu sjálfsöryggi starfsmanna. Þetta kemur vel fram í viðhorfskönnun meðal starfsfólks skólans sem gerð var í desember 2019 eða 96%.

7. Fjárfestingar

Fjárfestingar og viðhald á eignum í Eyrarskjóli er á höndum eignasjóðs Ísafjarðarbæjar. Ekki voru neinar framkvæmdir á lóð skólans þetta starfsár frekar en árið þar á undan fyrir utan að fylla svæði af mól sem hefur verið hættulegt yngstu börnunum vegna fallhættu en þar voru tröppur og er brýnt að fara að ljúka við þær framkvæmdir. Lóðin er illa farin eftir byggingaframkvæmdir og safnar miklu vatni þar sem hún hefur ekki verið drenuð og víða búið að grafa holur í hana.

Ekki var gert ráð fyrir vinnuástöðu fyrir kennara skólans í viðbyggingu og á þeim kjörnum sem er verið að taka í gegn. Engir vaskar fyrir utan handlaugar eða vinnuborð eru á kjörnum til dæmis til að þvo pensla og drykkjarvatn fyrir börnin verður að taka úr vöskunum sem eru ætlaðir til handþvottar, en samkvæmt reglugerðum er það bannað.

Neðri skápa inni á WC í nýbyggingu með vaskaborði er mikilvægt að fá.

Skiptiborð sem voru komin inn á kjarna í nýbyggingu og voru færð í millibyggingu eru of há, það þarf að lækka þau og ekki er búið að tengja vaskana í þeim.

Ekki hefur gengið að fá hillur upp í undirbúningsherbergi sem er á teikningu og vantar til að hægt sé að ganga frá vinnugögnum kennara í undirbúningi.

Kennarastóla þarf að endurnýja á yngstu kjörnunum og vantar þar 6 stóla.

Endurnýja þarf stóla fyrir börnin á Gula og Græna kjarna 17 stykki á hvorn eða 34.

Skipta þarf um glugga í miðbyggingu er snúa út að Eyrargötu, það er á kjarnanum og skrifstofu skólustjóra. Þeir halda ekki vatni, flæddi þar í rigningu sem var nú í júlí og hafðist varla undan að þurrka það upp, sem hefur verið vandamál síðastliðin ár. Vildi til að iðnaðarmenn voru í húsi og gátu bjargað málum á kjarnanum en ekki á skrifstofunni þar sem hún var læst vegna lokunar skólans og var þar allt á floti.

Mikil vatnssöfnun er á lóðinni og hefur ekki enn verið brugðist við því, þarna myndast allt að 20 cm djúpar tjarnir inni í rörinu og annarsstaðar sem er óviðunandi.

Niðurföll í stétt sunnan við húsið eru ekki lengur til staðar vegna viðbyggingar.

Hlífar á hitaofna á kjörnum er mikilvægt að gera þar sem athugasemd kemur á hverju ári varðandi þann þátt frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða að beri að verja staði sem geta valdið slysum.

Brunavarnarkerfi hússins er ekki komið í gagnið þegar þetta er ritað.

Hvernig tókst að halda fjárhagsáætlun á ekki við í Eyrarskjóli þar sem skólinn er rekinn samkvæmt rekstrarsamningi sem gerður var á milli Ísafjarðarbæjar og Hjallastefnunnar sumarið 2014.

Lokaorð

Síðastliðið ár hefur verið strembið í Eyrarskjóli og er það viðbyggingin og endurnýjun eldri hluta skólans og framkvæmdir er að því lúta ein aðal ástæðan. Við mælum ekki með að fara í svo víðtækar byggingaframkvæmdir og hafa leikskóla í fullum rekstri í miðri hringiðunni, hvorki verktakanna vegna né starfsins í leikskólanum.

Að vera án eldhúss, kaffistofu, undirbúnings aðstöðu og salernis í húsi mánuðum saman hefur tekið á ásamt hávaða, ryki og loftleysis.

Fyrir utan fyrrnefnt var síðastliðið starfsár gott í Eyrarskjóli þó svo að í þessari skýrslu komi fram að ekki hafi allt farið á þann veg sem lagt var af stað með í upphafi starfsársins. Framkvæmdir, válynd veður og síðast en ekki síst C-19 voru áskoranir sem tókst þegar á heildina er litið allvel.

Undirrituð þessarar skýrslu hefur sagt við nýja foreldra skólans sem koma í sitt fyrsta viðtal við upphaf skólagöngu barna sinna undanfarin ár “ég veit að þið eruð ekki að velja húsnaðið og lóðina sem við höfum upp á að bjóða kæru foreldrar heldur stefnuna

okkar og starfsfólkið.“ Nú er búið að gera húsnæðið fallett og á eftir bestu heimildum að gera upp lóðina í sumar þó ekkert sé enn farið að gerast nú við lok gerðar þessarar skýrslu.

Það er okkar mat að loka eigi 4 vikur á ári og er okkar von að svo verði í nánustu framtíð. Sumaropnun var minna nýtt en virtist í upphafi könnunar hjá foreldrum og þarf að endurskoða það verkefni í ljósi þeirrar reynslu er þar liggur fyrir í lok sumars.

Eyrarskjól er fullgildur Hjallastefnuskóli og var það mikið gæfuspor skólanum til heilla þegar það skref var stigið sumarið 2014.

Starfsmenn hafa hreinskilni og heiðarleika að leiðarljósi í sínu starfi þeim sjálfum, börnum og foreldrum til heilla.

Hjallastefnan og að vera í Hjallasamfélaginu er Eyrarskjóli, foreldrum þeirra barna sem velja dvöl þar, afar mikilvæg, framtíð skólans til góðs. Hjallastefnan og mannræktarmenning hennar virðist vera eitthvað sem er vart skiljanlegt nema þeim sem kynna sér stefnuna á fordómalausán hátt og treysta gæðum hennar. Með þá vissu förum við inn í enn eitt starfsárið með glimrandi gleði og tilhlökkun.

Eyrarskjóli 31. ágúst 2020
Guðríður Guja

Heimildaskrá

Í skýrslunni er vísað til eftirfarandi heimilda:

Caroline Pratt (1948). *I learn from children*.

Hjallavefurinn (2006). www.hjalli.is. Sótt þann 15.nóvember.

MaCormack Gwyn *Positive Eye* 2008 <https://www.positiveeye.co.uk/who-we-are/gwyn-mccormack/> sótt þann 28. júní 2018

Menntamálaráðuneyt; *Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla*
<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/655-2009> sótt þann 28. júní 2018

Menntamálaráðuneytið (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*

Margrét Pála Ólafsdóttir (1999). *Námskrá Hjallastefnunnar*.